

Hönnun hf
Ari Benediktsson
Austurvegi 20
730 Reyðarfjörður

2001030030
7300; 9310

Reykjavík, 5. mars 2002
/--

Efni: Bygging skjólgarðs við fiskveiðihöfn í Neskaupstað og efnistaka í Skuggahlíðarbjargi og af sjávarbotni í Viðfirði, Fjarðabyggð. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Hönnunar hf. fyrir hönd Hafnarsjóðs Fjarðabyggðar dags. 23. apríl 2001 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt fyrirhuguð bygging skjólgarðs við fiskveiðihöfn í Neskaupstað og efnistaka í Skuggahlíðarbjargi og af sjávarbotni í Viðfirði samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og tl. 2 a., 10 h. og 13 a. í 2. viðauka laganna. Eftir að neðangreindir umsagnaraðilar höfðu gefið umsögn um framkvæmdina í maí 2001 féllst Skipulagsstofnun á þá ósk framkvæmdaraðila að fresta afgreiðslu erindisins um ótilgreindan tíma. 9. janúar 2002 lagði framkvæmdaraðili fram frekari gögn. Í ljósi þeirra gagna leitaði Skipulagsstofnun á ný eftir umsögnum Hafrannsóknastofnunarinnar, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins og Náttúruverndar ríkisins um endurbætt gögn framkvæmdaraðila áður en ákvörðun um matsskyldu yrði tekin.

Skipulagsstofnun leitaði áhlits Fjarðabyggðar, Hafrannsóknastofnunarinnar, Hollustuverndar ríkisins, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins, Náttúruverndar ríkisins og Þjóðminjasafns Íslands.

Umsagnir bárust frá bæjarráði Fjarðabyggðar með bréfi dags. 7. maí 2001, Hafrannsóknastofnuninni með bréfum dags. 16. maí 2001 og 1. mars 2002, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti með bréfum dags. 18. maí 2001 og 24. janúar 2002, Náttúruvernd ríkisins með bréfum dags. 11. maí 2001 og 1. febrúar 2002, Hollustuvernd ríkisins með bréfi dags. 10. maí 2001 og Þjóðminjasafni Íslands með bréfi dags. 10. maí 2001.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfum dags. 9. janúar, 1. febrúar, 5. febrúar, símbréfi dags. 8. febrúar 2002 og tölvubréfi dags. 10. janúar 2002.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd

Í tilkynningu framkvæmdaraðila í apríl 2001 kemur fram að framkvæmdin felist í byggingu nýs skjólgarðs við núverandi fiskveiðihöfn í Neskaupstað norðan hafnarmynnis og færslu núverandi skjólgarðs sunnan hafnarminnis. Fyrirhugað sé að nýi skjólgarðurinn verði um 180 m langur og 18 m breiður ofan sjávarborðs en 240 m langur og allt að 100 m breiður við sjávarbotn. Núverandi skjólgarður sem er sunnan hafnarmynnis verði færður til austurs. Fram kemur jafnframt að höfnin verði dýpkuð og núverandi viðlegukantur við fiskvinnslustöð og fiskimjölsverksmiðju lengdur.

Í bréfi framkvæmdaraðila dags. 9. janúar 2002 og tölvubréfi dags. 10. janúar 2002 kemur fram að síðan framkvæmdin var tilkynnt hafi straumlíkan verið gert fyrir hafnarsvæðið í Neskaupstað og gerðar lítilsháttar breytingar á legu fyrirhugaðra garða eftir það. Einkum felist þetta í því að fyrirhugaður garður norðan hafnarmynnis verði hafður lítillaga lengri, nef eldra garðsins sem færa á verði styttr og lögum eldri garðsins jafnframt lítillaga breytt frá því sem fyrirhugað hafi verið. Fram kemur að þessar breytingar verði smávægilegar og muni ekki hafa áhrif á þær magntölur sem fram hafi komið í tilkynningu framkvæmdaraðila í apríl 2001.

Fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila að markmið með framkvæmdunum sé að skapa meiri kyrrð í höfninni og auka rýmd hafnarinnar, sem muni auka notkunarmöguleika hennar m.a. fyrir stærri skip.

Efnisþörf vegna framkvæmdanna er áætluð 252.000 m^3 , þar af 230.000 m^3 vegna byggingu nýs skjólgarðs og 22.000 m^3 vegna færslu eldri skjólgarðs.

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila voru upphaflega lagðir fram 3 valkostir á efnistöku á landi, þ.e. í Skuggahlíðarbjargi, við Grænanes og við Kirkjubólsteig. Í frekari gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fallið hafi verið frá efnistöku við Grænanes og við Kirkjubólsteig. Gert sé ráð fyrir að teknir verði allt að 50.000 m^3 af grjóti til framkvæmdanna á 11.000 m^2 svæði úr námu í Skuggahlíðarbjargi rétt ofan við þjóðveg þar sem hann sveigir úr Oddsdal og niður í Norðfjarðarsveit. Úr námunni sé hugsanlegt að taka allt að 40.000 m^3 til viðbótar til annarra framkvæmda þannig að heildarefnisnám úr námunni geti numið allt að 90.000 m^3 . Ekki sé þó gert ráð fyrir að nýta námuna til neinna sérstakra framkvæmda utan umræddra hafnarframkvæmda í Neskaupstað, en þörf á grjóti til almennra framkvæmda á Norðfirði sé $1.000\text{-}1.500 \text{ m}^3$ á ári. Fram kemur að innan fyrirhugaðs efnistökusvæðis í Skuggahlíðarbjargi liggja eldri vegur samhliða núverandi vegi og beri svæðið merki röskunar af þeim sökum. Gróðurþekjan á svæðinu sé rofin og mest lyng og lágvaxið kjarr. Við efnisnám í Skuggahlíðarbjargi verði þess gætt að það falli sem best að vegi og umhverfi og það efni sem til falli í námu og nýtist ekki í grjótvörn verði nýtt til fyllingar og við frágang námu. Skoðaður verði sá möguleiki að rýmka beygju og sjónlengdir með vegi þannig að efnistökusvæðið falli sem best að vegsvæði og umhverfi þess. Vegslóðar verði nánast engir þar sem eldri vegur verði notaður að námu. Með efnistökunni skapist möguleiki á að útbúa útskot á þjóðveginn með útsýni yfir Norðfjörð. Í símbréfi framkvæmdaraðila dags. 8. febrúar kemur fram að fyrir liggja samþykki landeigenda jarðarinnar Skuggahlíðar í Norðfirði á fyrirhugaðri efnistöku í Skuggahlíðarbjargi að því tilskyldu að gegnið verði frá svæðinu jafnóðum að loknum hverjum áfanga efnistöku.

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugað sé að taka 65.000 m³ af efni af sjávarbotni á um 15.000 m² svæði í Viðfirði. Meðaldýpi námu verði um 4 m. Fram kemur að áður hafi verið tekið efni úr sjó í Viðfirði til notkunar af ýmsu tagi í Neskaupstað. Efnið sem fáið með dælingu sé að mestu mól og sandur og sé það mun hreinna en það landefni sem er að finna í Norðfirði. Fyrirhuguð efnistaka sé 150-300 m frá landi, á 9-10 m dýpi og utan netlaga. Efninu verði dælt beint af sjávarbotni um borð í skip sem flytji það sjóleiðina til Norðfjarðar og hljótist því ekkert rask af á landi. Helstu umhverfisáhrif vegna efnistökkunar í Viðfirði verði röskun á sjávarbotni á efnistökkustað.

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að áætlað sé að 125.000 m³ af efni falli til við nauðsynlega dýpkun hafnarinnar og verði það nýtt til framkvæmda við varnargarða. Fram kemur að ef efni sem fellur til með tilfærslu á syðri skjólvarnargarði teljist nothæft í stað efnis úr Viðfirði þá verði það nýtt í stað þess sem frekast er unnt.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt

Í umsögnum sveitarstjórnar Fjarðabyggðar og Hollustuverndar ríkisins kemur fram að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar kemur fram að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum vegna efnistöku úr sjó í Viðfirði. Í frekari umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar kemur fram að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum vegna hugsanlegra áhrifa skjólvarnargarða á leirur í botni Norðfjarðar.

Í umsögn Þjóðminjasafns Íslands kemur fram að safnið geri ekki athugasemdir við framkvæmdina að öðru leyti en því að ef fornleifar komi í ljós beri að stöðva framkvæmdirnar og gera fornleifadeild Þjóðminjasafns Íslands viðvart.

Í frekari umsögn Náttúruverndar ríkisins dags. 1. febrúar 2002 kemur fram að stofnunin telji líkur á að bygging skjólgarðs norðan hafnarmynnis núverandi fiskihafnar í Neskaupsstað hafi ekki umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Hins vegar telji stofnunin sér ekki fært að meta áhrif skjólgarðs á leirur í innanverðum Norðfirði án þess að fyrir liggi straumlíkan af firðinum fyrir og eftir framkvæmdir. Þá telji Náttúruvernd ríkisins sér ekki fært að leggja mat á umhverfisáhrif efnistöku við Skuggahlíðarbjarg á grunni framlagðra gagna.

Í frekari umsögn iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins dags. 24. janúar 2002 kemur fram að efnistaka í Viðfirði vegna framkvæmdanna skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skjólgarðar

Í umsögnum Náttúruverndar ríkisins kemur fram að samkvæmt lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd njóti leirur sérstakrar verndar og forðast skuli að raska þeim eins og kostur er. Bent er á að til að fá upplýsingar um hvort bygging skjólgarðs hafi áhrif á leiruna í innanverðum Norðfirði þurfi að vinna straumlíkan í tengslum við framkvæmdirnar því

breytingar á straumum geti valdið uppróti efna sem aftur geti borist inn á leiruna. Ekki sé hægt að meta hugsanleg áhrif framkvæmda á leiruna í innanverðum Norðfirði þar sem ekki hafi verið unnið eiginlegt straumlíkan þar sem sjá megi breytingar á straumum fyrir og eftir byggingu varnargarðs, en leggja þurfi fram slíkt straumlíkan áður en ákvörðun um matsskyldu sé tekin. Einnig kemur fram að þurft hefði að kanna hvaða áhrif skjólgarðurinn hefði á botndýralíf.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að straumlíkan hafi verið unnið af firðinum. Úr því megi lesa að straumakerfið í innanverðum Norðfirði sé nokkuð flókið en straumar séu þó ekki sterkir og að mestu leyti tengdir sjávarföllum, þ.e. inn og út úr firðinum. Fyrirhugað framkvæmdasvæði við hafnargarða sé í nokkurri fjarlægð norðan við leirurnar. Leirusvæðið sé ekki óraskað þar sem því hafi verið breytt við uppbyggingu hafnarsvæðisins í botni fjarðarins. Einnig sé stundað efnisnám í fjörinni norðan við ós Norðfjarðarár. Framkvæmdaraðili telji hverfandi líkur á að fyrirhugaðar framkvæmdir geti haft áhrif á leirurnar. Fram kemur að framkvæmdaraðili telji ekki þörf á því að kanna sérstaklega áhrif skjólgarðsins á botndýralíf. Fyrirhugaður garður sé innan núverandi hafnarsvæðis og gera megi ráð fyrir að því hafi áður verið raskað að einhverju leyti og lífríki mótað af umsvifum á hafnarsvæðinu. Á þessu svæði séu útrásir frá fiskvinnslu og bræðslu auk þess sem þar sé mikil hreyfing á botnlagi vegna sandframburðar árinna.

Í frekari umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar kemur fram það álit að litlar líkur séu á að umræddur skjólvarnargarður hafi það mikil áhrif að straumar fyrir botni fjarðarins breytist þannig að umræddum leirum stafi hætta af vegna aðflutnings á seti. Hafrannsóknastofnunin telji litlar líkur á að ofangreind framkvæmd muni valda umtalsverðum umhverfisáhrifum á leirurnar.

Efnistaka

Skuggahlíðarbjarg. Í umsögnum Náttúruverndar ríkisins kemur fram að ekki sé hægt að sjá fyrir raunveruleg umhverfisáhrif námuvinnslu í Skuggahlíðarbjargi nema sett verði fram nákvæm kort sem sýna mörk efnistökusvæðisins, áætlanir um það magn sem sprengja þarf til að ná 50.000 m³ af heppilegu efni og áætlanir um frágang. Þá komi ekki fram hversu mikið efni verði tekið í heild sinni úr námunni en til að hægt sé að taka afstöðu til þess hvort meta þurfi umhverfisáhrif efnistökkunnar sé mikilvægt að gerð sé grein fyrir áætlaðri efnistöku í heild.

Í svörum framkvæmdaraðila er birt kort af efnistökusvæðinu við Skuggahlíðarbjarg sem sýna mörk þess ásamt mögulegri stækkun á efnistökusvæðinu sem ekki sé hluti þessarar framkvæmdar. Fram kemur að mögulegt sé að taka um 40.000 m³ úr námunni til viðbótar því efni sem fyrirhugað er að taka í hafnarframkvæmdina. Í heildina ætti því að vera hægt að taka um 90.000 m³ úr námunni. Fjarðabyggð hafi áhuga á að nota námuna því ekki séu margir staðir innan fjarðarins vænlegir til efnistöku. Ekki sé vitað um önnur stór verkefni í náinni framtíð sem nýtt gætu þessa gerð efnis. T.a.m. sé ekki talin þörf á þeirri gerð af grjóti sem fellur til úr þessari námu í snjóflóðavarnarvirki fyrir þéttbýlið á Norðfirði. Fram kemur að miðað sé við að unnið verði úr námunni að meðaltali 5 m þykkt lag en hún verði unnin með þeim hætti að hún falli sem best að landslagi. Í upphafi efnistökkunnar verði efsti hluta lífræns jarðvegs á yfirborði tekinn til hliðar þannig að auðvelt verði að jafna honum aftur yfir hið

raskaða svæði. Að lokinni efnistöku verði gengið frá svæðinu þannig að það falli sem best að nánasta umhverfi sínu. Gert sé ráð fyrir því við frágang svæðisins að naman verði áningarstaður fyrir bílaumferð.

Viðfjörður. Í umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar kemur fram að litlar nýttar séu af sjávarfangi í Viðfirði og þegar hafi verið raskað botni talsvert á því svæði sem fyrirhugað er að taka efni af í Viðfirði. Lítil vitneskja liggi fyrir um botndýralíf í Viðfirði. Í ljósi þess að hér sé um að ræða sand- og malarbotn á fremur grunnu vatni (9 - 10 m dýpi) sé hins vegar ekki líklegt að lífríki botnsins á efnistökuastaðnum sé fjölskrúðugt. Því telji stofnunin að ekki þurfi að meta umhverfisáhrif ofangreindrar framkvæmdar vegna efnistöku í sjó.

Í frekari umsögn iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins kemur fram að í ljósi umsagnar Hafrannsóknastofnunarinnar um lífríki botnsins telji iðnaðarráðuneytið að ekki þurfi að meta umhverfisáhrif umræddrar efnistöku í Viðfirði.

Í frekari umsögn Náttúruverndar ríkisins kemur fram að í ljósi umsagnar Hafrannsóknastofnunarinnar telji Náttúruvernd ríkisins að ekki þurfi að meta umhverfisáhrif efnistöku úr sjó í Viðfirði.

Dýpkun hafnar. Í umsögn Hollustuverndar ríkisins kemur fram að í framlögðum upplýsingum um framkvæmdina séu engar upplýsingar gefnar um dýpkunarframkvæmdir í höfninni, s.s. hvað varðar verklag við dýpkun, flutning eða staðsetningu losunar. Afla þurfi tilskilinna gagna í samræmi við leiðbeinandi reglur Hollustuverndar ríkisins um meðferð dýpkunarefnis og sækja um leyfi til Hollustuverndar ríkisins til að varpa dýpkunarefni í hafið í samræmi við ákvæði laga nr. 32/1986 um varnir gegn mengun sjávar. Fram kemur að Hollustuvernd ríkisins telji út frá mengunarsjónarmiðum að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að gengið sé út frá því að efni frá dýpkun hafnarinnar verði losað á fyrirhuguðu svæði undir nýjan skjólgarð. Með því fyrirkomulagi verði hægt að minnka umfang efnistöku. Fram kemur að frá því að umsögn Hollustuverndar ríkisins hafi verið rituð sé liðinn alllangur tími. Á þeim tíma sem liðinn er hafi verið leitað til Hollustuverndar varðandi dýpkun fyrir lengingu stálþils við togarabryggju og haft samráð við stofnunina um verklag og staðsetningu losunar dýpkunarefnis. Varðandi frekari losun dýpkunarefnis í hafið í tengslum við færslu núverandi hafnargarðs verði tímanlega leitað eftir leyfi frá Hollustuvernd ríkisins, eins og kveðið sé á um í lögum nr. 32/1986. Stefnt sé að því að öllu dýpkunarefninu verði komið fyrir á fyrirhuguðu svæði fyrir nýjan skjólgarð.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða byggingu skjólgarðs við fiskveiðihöfn í Neskaupstað, færslu eldri skjólgarðs, lengingu viðlegukanta, dýpkun hafnar og efnistöku af sjávarbotni í Viðfirði og af landi í Skuggahlíðarbjargi. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og tl. 2 a., 10 h. og 13 a. í 2. viðauka við lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Hafnarframkvæmdir eru fyrirhugaðar innan svæðis sem ber ýmis merki röskunar, s.s. vegna atvinnuumsvifa og umferðar um höfnina. Áhrif á lífríki á hafnarsvæðinu verða einkum bundin við það svæði sem fer undir skjólgarðana. Sjónræn áhrif hljótast af framkvæmdum við höfnina en Skipulagsstofnun telur ekki að bygging nýs skjólgarðs og færsla eldri skjólgarðs breyti ásýnd staðarins verulega. Við málsmeðferð var m.a. bent á að hugsanlegt væri að nýr skjólgarður hefði straumbreytingar í för með sér sem gætu haft áhrif á leirur fyrir botni Norðfjarðar. Í ljósi álits Hafrannsóknastofnunarinnar telur Skipulagsstofnun litlar líkur á að umræddur skjólvarnargarður hafi það mikil áhrif að straumar fyrir botni fjarðarins breytist þannig að leirum fyrir botni Norðfjarðar stafi hætta af vegna aðflutnings á seti.

Efnistaka í Skuggahlíðarbjargi mun einkum hafa sjónræn áhrif í för með sér. Ekki er um að ræða mikið rask vegna gerðar vegslóða að námunni þar sem hægt verður að nýta eldri veg. Fram hefur komið að gert sé ráð fyrir að teknir verði um 50.000 m³ efnis úr námu í Skuggahlíðarbjargi til framkvæmdarinnar en hugsanlegt sé að taka allt að 40.000 m³ efnis til viðbótar úr námunni síðar til annarra framkvæmda. Skipulagsstofnun telur í ljósi framlagðra gagna að nám allt að 90.000 m³ efnis úr Skuggahlíðarbjargi muni ekki vera líklegt til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif verði unnin áætlun um efnistöku fyrir allt efnistökusvæðið og gengið frá námu að loknum hverfjum áfanga efnistöku, þ.m.t. að loknu námi 50.000 m³ efnis vegna hafnarframkvæmda. Þá verði tryggt við frágang hvers áfanga efnistöku og við frágang að efnistöku lokinni að efnistökusvæðið falli sem best að umhverfi og vegsvæði til að sjónrænum áhrifum verði haldið í lágmarki.

Efnistaka úr sjó í Viðfirði mun raska sjávarbotni. Fyrirhuguðu efnistökusvæði í Viðfirði hefur áður verið raskað með efnistöku og samkvæmt umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar er ólíklegt að lífríki botnsins sé fjölskrúðugt. Skipulagsstofnun telur að efnistaka í Viðfirði samkvæmt framlögðum gögnum sé ekki líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér verði farið að þeirri tilhögun sem framkvæmdaraðili lýsir í framlögðum gögnum.

Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að bygging nýs skjólgarðs, færsla núverandi skjólgarðs, lenging viðlegukanta, dýpkun hafnar og efnistaka í Skuggahlíðarbjargi og í Viðfirði samkvæmt framlögðum gögnum sé ekki líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Fjarðabyggðar. Breyta þarf staðfestu aðalskipulagi Neskaupstaðar 1979-1999 skv. 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga þar sem lega hafnargarðs er ekki í samræmi við gildandi skipulag. Efnistökusvæði eru ekki innan staðfests aðalskipulagsuppdráttar. Óska þarf eftir meðmælum Skipulagsstofnunar með veitingu framkvæmdaleyfis vegna efnistöku skv. 3. tl. bráðabirgðaákvæða skipulags- og byggingarlaga. Varp dýpkunarefnis í hafið er háð leyfi Hollustuverndar ríkisins í samræmi við ákvæði laga nr. 32/1986 um varnir gegn mengun sjávar. Efnisnám af hafsbotni utan netlaga er háð leyfi iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins og efnisnám á landi er háð starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Austurlands skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt fyrir efnistöku þarf að liggja fyrir áætlun um efnistöku sbr. 48. gr.

laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Samkvæmt 6. grein laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 2. apríl 2002.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Óli Halldórsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Fjarðabyggð, Hafrannsóknastofnun, Hollustuvernd ríkisins, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, Fornleifavernd ríkisins og Náttúruvernd ríkisins.